

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 45/2005**

**frá 29. apríl 2005**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/517/EB frá 21. júní 2004 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB að því er varðar skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir heilbrigðiseftirlit dýralæknis með dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/608/EB frá 19. ágúst 2004 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB að því er varðar skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir heilbrigðiseftirlit dýralæknis með dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi gildir ekki að því er varðar Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB) í hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

- „- **32004 D 0517**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/517/EB frá 21. júní 2004 (Stjtið. ESB L 221, 22.6.2004, bls. 18),
- **32004 D 0608**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/608/EB frá 19. ágúst 2004 (Stjtið. ESB L 274, 24.8.2004, bls. 15).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2004/517/EB og 2004/608/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórmartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 221, 22.6.2004, bls. 18.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 274, 24.8.2004, bls. 15.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. apríl 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**R. Wright**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.